

Lausnateymi í leikskólum Hafnarfjarðar

Hlutverk og verklag

Hlutverk:

- Hlutverk lausnateyma er að kortleggja stöðu barns og leita sameiginlegra lausna, barni og fjölskyldu þess til stuðnings.
- Í lausnateyminum er nám, hegðun, þroski og/eða líðan barns rædd með samþykki foreldra og viðunandi úrræði virkjuð til að bregðast fyrir við erfiðleikum eða aðstæðum barns.

Lausnateymi:

- Skólastjórnandi skipar teymisstjóra lausnateyma.
- Fulltrúar skólans geta verið skólastjórnendur, sérkennslustjóri, deildarstjórar eða aðrir fagaðilar innan skólans.
- Í lausnateyminum sitja sálfræðingar og/eða sérkennslufulltrúi frá Skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustu og ráðgjafar Fjölskyldu- og skólaþjónustu.

Verklag:

- Leikskólakennari skilar *Beiðni um ráðgjöf lausnateymis* (eyðublað B) til teymisstjóra lausnateyma.
- Fundartími lausnateyma er fastákveðinn 1-4x í mánuði. Teymisstjóri sér um skráningu fundargerðar og áætlunar, ásamt því að bera ábyrgð á vistun gagna og upplýsinga.
- Á lausnateymisfundum er staða mála kortlögð og úrlausna leitað. Allar úrlausnir eru unnar í samráði við foreldra. Sjá nánar; *Lausnateymi, ferill leikskólar*.

Ef lausnateymi telur að ekki hafi orðið bót á vandanum eftir 8-12 vikna stuðning er máli vísað til Fjölskylduþjónustu og/eða Skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar.